

Utan efnahagsreiknings:

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	92 660 312,00
-------------------------------------	---------------

Undirritun stjórnenda:

Reykjavík, 25. febrúar 1985.

Kristleifur Jónsson,  
bankastjóri.

Geir Magnússon,  
bankastjóri.

Pétur Erlendsson,  
aðstoðarbankastjóri.

Snæþór Aðalsteinsson,  
aðalbókari.

Áritun endurskoðenda:

Ársreikning Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1984 höfum við endurskoðað. Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Við teljum að framanritaður rekstrarreikningur 1984, efnahagsreikningur 31. desember 1984 og skýringar nr. 1-10 sýni glögga mynd af hag og afkomu bankans og Stofnlánadeildarinnar á árinu 1984.

Reykjavík, 12. mars 1985.

Ásgeir G. Jóhannesson.

Geir Geirsson,  
löggiltur endurskoðandi.

Magnús Kristjánsson.

Staðfesting bankaráðs:

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 14. mars 1985.

Erlendur Einarsson,  
formaður

Vilhjálmur Jónsson.

Hjörtur Hjartar,  
varaformaður.

Nr. 170

## REIKNINGUR

**Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru, fyrir árið 1983.**

**Rekstrarreikningur 1983.**

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445 .....	kr. 2 634,16
Vextir af vaxtaaukareikningi nr. 1255 .....	— 2 469,98
	kr. 5 104,14

## Gjöld:

Leiga fyrir geymsluhólf .....	kr.	500,00
Tekjuafgangur .....	—	4 604,14
		<hr/>
	kr.	5 104,14

## Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1984.

## Eignir:

Sparisjóðsbók nr. 12445 .....	kr.	21 469,67
Kjörbók nr. 260286 .....	—	10 000,00
		<hr/>
	kr.	31 469,67

## Skuldir:

Höfuðstóll .....	kr.	10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum .....	kr.	16 865,53
Tekjuafgangur frá 1984 .....	—	4 604,14
		<hr/>
		— 21 469,67
	kr.	<hr/> 31 469,67

Selfossi, 31. janúar 1985.

F. h. Kvenfélags Selfoss  
Guðrún Bárðardóttir, gjaldkeri.

9. apríl 1985

Nr. 171

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

#### 1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa, skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

#### 2. gr.

Fyrir farandvélar og farandvinnuvélar greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 1 200,00.

Málarastólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar. Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 1 600,00.

Vegaþjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m., lyftigeta minni en 2 tonn).